



Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis
Þverholt 2,
270 Mosfellsbær

Reykjavík 10. júní 2021

Efni: Tilkynning um rannsóknarboranir í Þormóðsdal

Með vísan til 4.gr. reglugerðar, nr. 796/1999, tilkynnist Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis hér með um fyrirhugaðar rannsóknarboranir Iceland Resources ehf. kt 530706-2220 í Þormóðsdal í Mosfellsbæ.

Rannsóknirnar eru í samræmi við rannsóknarleyfi Orkustofnunar dags. 23. júní 2004, til Melmis ehf., til leitar og rannsókna á málmum, sem framlengt var með bréfi Orkustofnunar, dags. 20. júní 2018, til 1. júlí 2023 fyrir leyfissvæði nr. 14, Esjusvæði, sem Iceland Resources ehf. hefur nú yfirtekið.

Umræddar rannsóknirnar hafa engin áhrif á umhverfið, þ.m.t. grunnvatn með myndun úrgangs af völdum sýnatökunnar eða breyta ásýnd þess sem fallið geta undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. 5. gr. þeirra laga eða kunna að vera tilkynningarskyldar samkvæmt 6.gr.laganna með vísan til 2.tl. í flokki B og flokki C í Fyrsta viðauka þeirra. Rannsóknirnar eru ekki tilkynntar til Skipulagsstofnunar.

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns á sér stöð í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, en þau lög gilda ekki um rannsóknarstarfsemi sbr. 2. mgr. 2. gr. þeirra laga og er því ekki leyfisskyld. Engu að síður telur Iceland Resources ehf. sér skylt að gera grein fyrir umræddum rannsóknarholum/borunum í stuttu máli.

Fyrirhugað er að boranir hefjist þann 15. júlí n.k. og það er fyrir tækið Bergborun ehf sem annast boranir, með annars vegar stungubor á beltum og hinsvegar á sleða sem hefur takmörkuð áhrif á yfirborð rannsóknarsvæðisins og að skiljuvatn mengi ekki umhverfið, með þar til bærnum hreinsunarútbúnaði.

Rannsóknarboranir eru annars vegar borun sem tekur upp bergkvarnir og notað er loft til að dæla kvörnum upp, með þessari aðferð er ekki notað neitt vatn. Hinsvegar er um kjarnaborun að ræða þar sem vatni er dælt niður í holu til kælingar á bor. Vatnið kemur svo aftur á yfirborðið og í því er fínt borsvarf. Vatnið er dælt í þar til gerða set tanka þar sem borsvarfið fellur til og er svo tæru og hreinu vatni veitt aftur í umhverfið en borsvarfið urðað á viðeigandi urðunarstað. Borað verður á rannsóknarsvæði leyfisins í Þormóðsdal í umhverfi Seljadalsár, í landi Þormóðsdals og Miðdals beggja vegna árinna og í hlíðum Búrfells og þess gætt að framkvæmdir valda ekki mengun og spjöllum á lífríki. Sama gildir um frágang rannsóknarsvæðisins að loknum rannsóknum.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Þetta tilkynnist hér með,
Virðingarfyllt


Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir
Framkvæmdastjóri
thordis@icelandresources.is

afnt sent: Mosfellsbær
handgerður

Sundaborg 5
104 Reykjavík, Iceland
info@icelandresources.is
+354 896 6886